

Reifun á úrskurði nr. 4/2017 – Afturköllun niðurfellingar vörugjalds

Kærð var til úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 ákvörðun Tollstjóra dags. 4. október 2016 um afturköllun niðurfellingar vörugjalds af 23 bifreiðum.

Niðurstaða: Ákvæði um lækkun vörugjalds af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá ökutækjaleigum var sett til bráðabirgða í lög nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með breytingalögum nr. 125/2015. Í bráðabirgðaákvæði XVI er fjallað um lækkun vörugjalds af bílaleigubílum. Í 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum kemur fram að lækkun vörugjalds til bílaleigu er háð því að skilyrði að næstu 15 mánuði eftir nýskráningu bifreiðar verði nýting hennar og starfsemi bílaleigu hagað á þann hátt sem tilgreint er í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum. Meðal skilyrða sem þar eru talin upp er að bifreið skal skráð á bílaleigu sem hefur leyfi samgönguráðuneytisins (nú Innanríkisráðuneytisins) til reksturs bílaleigu eða á eignaleigu vegna eignaleigusamnings við bílaleigu sem hefur slíkt leyfi, sbr. 1. tl. ákvæðisins. Um brot gegn skilyrðum fyrir lækkun eða niðurfellingu vörugjalds skv. 14. gr. fer eftir 20. gr. reglugerðarinnar. Þar kemur fram að brjóti aðili, sem nýtur lækkunar eða niðurfellingar vörugjalds gegn skilyrðum sem sett eru í ákvæðum um nýtingu ökutækis o.fl. skal hann greiða ógreitt vörugjald, þ.e. mismun á fjárhæð vörugjalds sem greitt var og þeirri fjárhæð sem borið hefði að greiða ef ekki hefði komið til lækkunar eða niðurfellingar.

Umræddar bifreiðar voru allar skráðar á fjármögnunarfyrirtæki og aðalumráðamaður var annar aðili en kærandi. Gagnaöflun leiddi í ljós að kærandi var með rekstarleigusamning við aðalumráðamann bifreiðanna og taldi Tollstjóri á þeim grundvelli ekki rétt staðið að eigendaskráningu á bifreiðunum líkt og gert er skilyrt í 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000. Var því hin kærða ákvörðun staðfest.